

Ed.

228. Frumvarp til laga

[108. mál]

um breyting á lögum nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965—66.)

1. gr.

2. mgr. 81. gr. orðist svo:

Áður en kjósandi fær afhentan kjörseðil skal hann, ef kjörstjórn óskar þess, sanna hver hann er, með því að framvísa nafnskirteini eða á annan fullnægjandi hátt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt 2. mgr. 81. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 82 14. ágúst 1959, er gert ráð fyrir því, að ef kjörstjórn telur vafa á, hver maður sé, þá er honum heimilt að fá inn með sér tvo kjósendur, sem kjörstjórn þekkir. Ef þeir lýsa því yfir, að viðlögðum drengskap, að maðurinn sé sá, sem hann kveðst vera, þá er það næg sönnun til þess að hann fái að neyta kosningarréttar síns.

Með auknu þéttbýli verður það æ algengara, að kjörstjórn ber ekki kennsl á alla kjósendur. Hins vegar mun eigi tíðkast, að hagnýtt sé heimild sú, sem veitt er í 2. mgr. 81. gr. kosningalaga. Verður og að telja, að kjósandi eigi vól á öðrum ráðum til að færa sönnur á það, hver hann er.

Með tilkomu nafnskirteina, sem Hagstofan gefur út, hafa skapazt möguleikar á því að láta alla kjósendur gera grein fyrir sér á þann hátt, að fullnægjandi verði talið. Er lagt til, að málsgreininni verði breytt þannig, að kjósandi geti, ef kjörstjórn óskar þess, sannað hver hann er, með því að framvísa nafnskirteini sínu. Að sjálfsögðu getur kjósandi eftir sem áður fært sönnur á það, hver hann er, með ýmsum öðrum hætti, þ. á m. þeim, sem lög hafa gert ráð fyrir til þessa.

Verði frumvarp þetta að lögum á þessu þingi, mundu ákvæði þess koma til framkvæmda við sveitarstjórnarkosningar þær, sem fram eiga að fara á þessu ári.